

# Stjórnarfundur Leiðsagnar

25. janúar 2023 kl. 17:00

Boðaður fundur aðalmanna og varamanna í stjórn.

Mættir: Friðrik Rafnsson formaður (FR), Snorri Steinn Sigurðsson varaformaður (SSS), Harpa Björnsdóttir (HB) ritari, Valva Árnadóttir gjaldkeri, Leifur Björnsson (LB) meðstjórnandi, Guðný Margrét Emilsdóttir (GME) varamaður, Pétur Gunnarsson (PG) varamaður (kom 18:07).

Á fjarfundi: Hallfríður Þórarinsdóttir (HP) varamaður.

Fjarverandi: Gunnsteinn Ólafsson (GÓ) varamaður

1.	<b>Fundur settur</b>	Gerð grein fyrir afgreiðslu síðustu fundargerða: Fundargerð frá 6.12.2022 var búið að samþykkja í tölvupóstum af öllum sem sátu þann fund. Fundargerð auka-aðalfundar frá 8.12. 2022 var samþykkt af aðalmönnum í stjórn á fundi þeirra þann 19.12.2022 og fundargerð þess fundar samþykkt í tölvupóstum af þeim sem sátu fundinn.	U	Friðrik Harpa
2.	<b>Árið 2022</b>	Formaður fer stuttlega yfir síðastliðið ár, sem hefur gengið vel, stjórn hefur verið samhent og fengið ýmsu áorkað. Félagið hefur verið sýnilegt á margvíslegum vettvangi, fengið góða og jákvæða athygli í fjölmiðlum og góður rómur hefur verið gerður að blaðagreinum formanns. Haldin var vel heppnuð afmælishátíð og gefið út afmælisrit rétt fyrir jólin, sem búið er að dreifa vítt og breitt, bæði prentuðu eintaki og rafrænu. Þakkar formaður HB fyrir hennar vinnu í þessu samhengi og öllum öðrum sem að komu. Allar nefndir og ráð hafa unnið vel að sínu og getur stjórn félagsins kvatt árið 2022 með stolti og reisn.	U	Friðrik
3.	<b>Staða fjármála</b>	Bókari hefur sent stjórn bráðabirgðauppsætningu ársyfirlits félagssjóðs og er ekki annað að sjá en að fjármálin séu á góðu róli. Iðgjöld hafa hækkað umfram væntingar og sýnir að atvinna hefur aukist miðað við síðustu 2 ár, er á pari við árin fyrir covid. Um 900 félagar eru núna í Leiðsögn. Varpað er fram ýmsum spurningum, m.a. hvað varðar kostnað vegna afmælisársins, sem er innan fjárhagsáætlana, og einnig vegna lögfræðikostnaðar, sem líka er innan þeirra áætlana sem gerðar voru síðasta vor. Launakostnaður hefur hækkað vegna aukins starfs- hlutfalls á skrifstofu (50 => 75%), húsaleiga hækkaði eins og var boðað árið 2022, og almennur rekstrarkostnaður hefur einnig hækkað nokkuð.	U	Valva Stjórn
4.	<b>Stofnun faghópa</b>	Formaður vill láta á það reyna að boða til opins félagsfundar og taka samtalið um stofnun faghópa af ýmsu tagi. Fagdeildin sem var taldi sig ekki lengur hafa hlutverk, en eitthvað þarf að koma í staðinn, t.d. til að meta fagleg réttindi fólks í félaginu og rétt til að bera skjöld og spjald. Skilgreina þarf hvað felst í núverandi aðildargjaldi, sem nú má kalla valkvætt, t.d. um aðgengi að námskeiðum á vegum félagsins o.fl.. Þarf að skýra. Margir sem hingað til hafa ekki greitt aðildargjald urðu undrandi að rekast á það í heimabankanum, einkum erlendir félagsmenn. Starfsmaður sendi út skýringu á því á bæði íslensku og ensku og þarf það að gerast árlega.	U	Friðrik  Harpa

		Nýútskrifaðir leiðsögumenn ættu einnig að fá afhentar upplýsingar um kosti þess að ganga í félagið og eins hvað er innifalið í aðildargjaldinu. Slíkt þarf líka að koma fram þegar félagið er kynnt í skólum sem kenna leiðsögunám.		Ragnh. Snorri
5.	<b>Afsláttarkjör</b>	Kominn var aðili sem ætlaði að vinna í afsláttarmálum en lítið hefur frést af því. Þarf að kanna hvernig þeirri vinnu miðar og koma upplýsingum áleiðis til félagsmanna, bæði í tölvupósti og á heimasíðunni.  Rætt um að fá aftur sértíloboð í merktan fatnað frá 66° líkt og var í boði fyrir félagsmenn hér áður fyrir.	U	Snorri Harpa Ragnh.  Snorri
6.	<b>Starfshlutfall á skrifstofu</b>	Kl. 17:52 vikur LB af fundi vegna næsta fundarliðar er varðar starfshlutfall starfsmanns á skrifstofu.  Erindi barst frá starfsmanni skrifstofu fyrir jólin þar sem hún fór fram á aukið starfshlutfall, úr 75% í 100%. Verkefni hafa aukist mikið á undanfögnu ári, einkum vegna kjara-útreikninga, svo þörfin fyrir aukið vinnuframlag er fyrir hendi. Samþykkt að bíða þar til nánari rekstrartölur félagssjóðs liggja fyrir og fá þá starfsmann á fund stjórnar.	U	
7.	<b>Kjarasamningar</b>	Kl. 18:03 tekur LB aftur sæti á fundi. Kl. 18:07 tekur PG varamaður sæti á fundi.  SSS afhendir fundarmönnum yfirlit kröfugerðar Leiðsagnar til SAF/SA. Segir SSS að SA sé búíð að leggja ákveðnar línur fyrir allan vinnumarkaðinn og vilji lítið út af þeim bregða. Vilji þeir vísa öðrum þáttum en launaliðnum í sérstaka starfshópa. Talinn er vilji hjá SAF til að vinna að góðum samningi til frambúðar sem er þægilegur og skýr fyrir bæði vinnuveitendur og launþega. Rætt um samræmda ráðningasamninga og launaseðla og hvort tillaga um slíkt eigi erindi inn í þessar viðræður.  Megináhersla viðræðunefndar Leiðsagnar er á launa-hækkun vegna menntunar, starfsaldurs og starfsreynslu. Önnur helsta áhersla Leiðsagnar er á launaleiðréttingu, en leiðsögumenn hafa dregist aftur úr öðrum stéttum.  Eftir að launaliðurinn er frá vill viðræðunefndin vinna með SAF að öðrum liðum kröfugerðarinnar á næstu mánuðum. Alls óvíst er hvað næst fram.  Rætt um verkfallsboðun Eflingar og hvaða áhrif hún geti haft á okkar viðræður.	U	Snorri
8.	<b>Önnur mál</b>	a) HB minnir á verkefni stjórnar framundan og nauðsyn þess að hafa yfirsýn, t.d. með því að fara yfir verkefnalista síðasta árs og athuga hvað er ógert og hvað þarf að gera fram að aðalfundi. Samþykkt að HB og FR fari yfir þessa verkefnalista og leggi fram plan á næsta stjórnarfund.	U Á	Friðrik Harpa
		b) Rætt um könnun sem þyrfti að gera meðal félagsmanna, t.d. um menntun og samsetningu félagsmanna, kynjahlutfall, launafyrirkomulag (launþegi/verktaki), vinnutíma (fullt starf/hlutastarf), þjóðerni o.fl. Niðurstöður slíkrar könnunar gætu nýst mörgum aðilum í ferðaþjónustu. Stjórn þarf að fara yfir hvað það er sem þarf að koma fram í slíkri könnun/könnunum, og leggja drög að spurningum.	U	Stjórn

		<p>Rætt hefur verið um að leita til háskóla um framkvæmd og úrvinnslu slíkrar könnunar, og einnig er ræddur möguleiki á því að opinber aðili, eins og t.d. Ferðamálastofa, gæti komið að því.</p> <p>SSS nefnir að komið hafi tilboð frá Filmís um uppsetningu á skoðunarkönnunarvél á heimasíðu okkar, en þar væri hægt að setja inn kannanir reglulega um ýmis málefni. Þetta er tiltölulega lítill kostnaður og getur orðið virkt nokkuð fljótt. Samþykkt að taka þessu tilboði.</p> <p>Halda þarf sérstakan fund um hvaða spurningum þyrfti að leita svara við, t.d. gæti fyrsta könnun félagsins á heimasíðunni fjallað um kjaramál þar sem það er mjög aktuelt mál núna.</p> <p>Vanda þarf úrvinnslu allra slíkra kannana og fá fagfólk til verksins.</p> <p>c) SSS ætlar að kanna hjá öðrum stéttarfélögum hvort til séu forrit sem geti létt útreikninga í kjaramálum og kjarabrotamálum.</p> <p>d) Rætt um að síðasta skyndihjálparnámskeið Rauða krossins hafi valdið vonbrigðum vegna ófagmannlegs leiðbeinanda. Þarf að láta þau vita og tekur FR það að sér. Velt upp þeirri hugmynd hvort leita eigi til Landsbjargar með næstu námskeið? Nauðsynlegt vegna öryggismála að leiðsögumenn taki grunnnámskeið og svo endurnýjunar-námskeið á 2ja ára fresti.</p> <p>e) GME minnir á erindi Hermanns Valssonar um „stafræna leiðsögumanninn“ sem hann vill kynna fyrir stjórn Leiðsagnar. Þyrfti að finna tíma þegar kjaramálin eru að mestu frá. SSS tekur að sér að svara honum.</p>	<p>Á</p> <p>Á</p>	<p>Snorri</p> <p>Snorri</p> <p>Friðrik</p> <p>Snorri</p>
--	--	--	-------------------	--

## Fundi slitið 18:47

Fundargerð staðfest:

---

Friðrik Rafnsson, formaður

---

Harpa Björnsdóttir, ritari